

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Eskifirði



Dags eftirlits	12.10.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	Staðsetning	733478,28	517684,715

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi, en eitt eldra frávik (frá 2011) er óklárað og ein athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs á Eskifirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar voru í góðu lagi.

Rætt um framgang viðgerðar á þró um geyma félagsins, en samþykkt hefur verið að bráðabrigðaviðgerð á þrónni fari fram í haust en unnið er að hönnun á fullnaðarviðgerð sem fara á fram næsta sumar. Gefinn hefur verið frestur til þess að ljúka bráðabrigðaviðgerð til 15. nóvember nk.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær), olíuskiljur og fráveitumál. Tilskildar botnþykktarmælingar á geymum og þrýstiprófanir á lögnum voru í lagi. Fram kom að verið er að endurnýja verksmiðjulögn félagsins yfir í fiskimjölsverksmiðju Eskju og áréttað var að hún yrði þrýstiprófuð áður en grafið er yfir hana. Vegna landsigs í stöðinni hefur þurft að breyta fráveitumálum og dæla vatni frá neðri þró upp í olíuskilju.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

Frávik frá

Ákvæði 2.1 í starfsleyfi um olíuhelda þró um olíugeyma

Lýsing á frávik

Frávik er frá 2011 og unnið er eftir samþykktari úrbótaáætlun.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd 1:

Merkja þarf geymi 740-B206 með fastnúmeramerkingu.

ANNAÐ

1. Botnþykktarmæla þarf geyma 740-B204 og 740-B205 á árinu.
2. Mæla þarf olíuleifar í fráveituvatni stöðvarinnar á árinu.
3. Þjónusta (tæma olíu og botnfall) þarf olíuskiljur í stöðinni á árinu.

Reykjavík, 09.11.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki nota talist frávik